

MINNISBLAÐ

DAGS.

03.03.2022

SENDANDI

Faxaflóahafnir
Snævarr Örn Georgsson (EFLA)

MÁLEFNI

Sundahöfn – MÁÚ: Svör við umgögnum um umhverfismatsskýrslu

DREIFING

Skipulagsstofnun

Svör framkvæmdaraðila við umsögnum umsagnaraðila um umhverfismatsskýrslu vegna þróun Sundahafnar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

ATHUGASEMD

Í fyrri umsögn vakti HER athygli á starfsleyfis skyldu á starfssviði umsagnaraðila, ef nota á efni frá framkvæmdum í landfyllingu lítur HER svo á að þar sé um að ræða endurnýtingu á úrgangi í skilningi laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgang.

Ekki er minnst á að þættir framkvæmdarinnar séu háðir starfsleyfi HER í matsskýrslunni né kemur fram að fyrirhugað sé að tilkynna endurnýtingu úrgangs til Skipulagsstofnunar til að meta matsskyldu. Úr þessu þarf að bæta. Landfyllingamar eru áfangaskiptar og þarf starfsleyfi í hverjum áfanga.

SVAR FAXAFLÓAHAFNA

Faxaflóahafnir leggja mikla áherslu á að ekki er verið að taka við úrgangi heldur eingöngu verðmætu, burðarhæfu fyllingarefni. Það er alls ekki um að ræða opið haugsvæði þar sem hver sem er getur losað hvað sem er, heldur lokað lagersvæði þar sem eingöngu er tekið á móti sérvalinni vöru sem uppfyllir nauðsynlegar gæðakröfur. Burðarhæft gæða jarðefni sem tekið er til hliðar er ekki úrgangur. Faxaflóahafnir sjá ekki hvar í fyrrnefndum lögum þess sé krafist að framkvæmdaraðili sé starfsleyfis skyldur fyrir það eitt að taka á móti sérvöldu burðarhæfu fyllingarefni sem nota á í framkvæmdir á verkstað og þekkir engin fordæmi þessi.

Árið 2020 var efni úr grunni nýja Landspítalans notað í landfyllingu við Klettagarða og þurfti sú framkvæmd ekki að fara í umhverfismatsferli né fá starfsleyfi til að taka á móti „úrgangi“.

Árið 2021 endurbætti Reykjavíkurborg sjóvarnargarða við Ánanaust og fékk til þess grjót úr húsgrunnum nýja Landspítalans, úr húsgrunni við Vesturgötu (einungis þurfti að færa grjótið nokkra metra yfir götuna) og úr húsgrunni gas- og jarðgerðarstöð Sorpu. Nýting á þessu grjóti fór ekki í matsskyldufyrirspurnarferli hjá Skipulagsstofnun né fékkst starfsleyfi hjá HER, enda ekki um úrgang að ræða.

Í Þorlákshöfn er verið að endurbæta sjóvarnargarða við höfnina og fæst grjótið til þess verks mikið til af lóðum landeldisstöðva sem verið er að byggja í næsta nágrenni. Sömu sögu er að segja úr Grindavík, allt grjót sem þar hefur verið notað síðustu ár fékkst úr framkvæmdum við Bláa lónið. Aldrei hefur grjót hæft í sjóvarnir eða burðarhæfur jarðvegur verið flokkað sem úrgangur. Fari svo að Skipulagsstofnun úrskurði að móttaka á þessu sérvalda burðarhæfa efni sé starfsleyfis skyld og þurfi að fara í sér umhverfismatsferli munu Faxaflóahafnir endurskoða það verklag að taka á móti efni frá verktökum og þess í stað þarf að kaupa efni úr námum með tilskilin leyfi. Það þýðir aukinn þungaflutning á götum höfuðborgarsvæðisins. Bæði þurfa verktakar að keyra með efni sitt út úr borginni á efnislosunarstaði utan við höfuðborgarsvæðið, og keyra þarf efni úr námum inn á höfuðborgarsvæðið og á fyrirhugað framkvæmdarsvæði Faxaflóahafna. Mögulega væri um sama efni að ræða, nema því væri keyrt út fyrir bæinn til að koma því til aðila með starfsleyfi til að taka á móti „úrgangi“ og svo keyrt strax aftur inn á höfuðborgarsvæðið. Þetta mun stytta notkunartíma náttúrulegra náma, auka slit á götum, auka loftmengun, hávaðamengun og hafa í för með sér ótrúlega óþörf umhverfisáhrif.

Þetta hefði einnig í för með sér umtalsverðan aukinn kostnað og má benda á að hafnargerð í Reykjavík hefur byggst á því að nýta efni frá landi og lóðagerð alla tíð frá upphafi hafnargerðar í Reykjavík.

HER telur því að bæta þurfi kafla um vöktun á lífríki inn í matsskýrsluna og gera grein fyrir því hvernig staðið verður að vöktun, tíðni hennar og umfangi.

Faxaflóahafnir komust að þeirri rökstuddu niðurstöðu í umhverfismatsskýrslunni að áhrif framkvæmdanna og lífríki svæðisins kölluðu ekki á stöðuga vöktun.

Fari svo að leyfisveitendur framkvæmda vilji skilyrða framkvæmdaleyfi við frekari vöktun, þá eru Faxaflóahafnir tilbúnar að taka þátt í vöktun í samræmi við hlutfallsleg áhrif framkvæmda sinna með öðrum framkvæmdaraðilum við Kollafjörð (t.d. Reykjavíkurborg, Veitur, Vegagerðin, Björgun og Sorpa).

Þá vill HER einnig benda á að í kafla um setflutninga er gert ráð fyrir því að framkvæmdir gætu leitt til þess að fínefni safnaðist fyrir í höfninni en hægt væri að flytja það að Elliðavogi og Grafarvogi. HER telur það alls ekki æskilegt þar sem líklegt er að setið sé orðið mengað. Slíkur setflutningur gæti því leitt til óæskilegra áhrifa á lífríki í Elliðavogi og Grafarvogi.

ATH. Hafrannsóknastofnun kom með sömu athugasemd og er henni líka svarað hérna.

Faxaflóahafnir þakka þessa ábendingu. Ekkert efni, hvorki fínefni né grófara, verður flutt að Elliðavogi eða Grafarvogi.

Að mati HER þyrfti að fara ítarlegar í samlegðaráhrif en gert er. Skoða þarf sérstaklega hvaða framkvæmdir gætu verið í gangi á sama tíma þar sem víxláhrif þeirra geta aukið umhverfisáhrif á lífríkið.

Faxaflóahafnir telja að umfjöllun um samlegðaráhrif með landfyllingum Reykjavíkurborgar við Elliðaárósa hafi verið fullnægjandi.

Framkvæmdir Faxaflóahafna verða í gangi af og til næstu 20 árin og ómögulegt er að segja hvaða aðrar stærri framkvæmdir verða í gangi á sama tíma, en þær fara líklega í sitt eigið umhverfismat. Í þessu umhverfismati eru teknar saman allar fyrirhugaðar framkvæmdir í Sundahöfn næstu áratugina eins og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir. Framkvæmdir munu dreifast yfir langan tíma og vera áfangaskiptar en það er engu að síður fjallað um þær allar í þessu umhverfismati.

Óábyrgt er af Faxaflóahöfnum að fjalla um allar aðrar mögulegar eða ómögulegar framkvæmdir á svæðinu næstu áratugi, það er Reykjavíkurborg sem fer með skipulagsvaldið og setur fram stefnu um aðrar framkvæmdir á svæðinu.

HER telur einnig æskilegt að gert verði ráð fyrir vöktun á því hvort mengandi efni séu að losna úr landfyllingunni, bæði út í sjó og svo mögulega á landi. Nýjustu rannsóknir á hækkuðum sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga benda til þess að hækkuð sé meiri og hraðari en áður var talið og meta þarf álag á landfyllinguna m.t.t. nýjustu gagna

Ekki er talin þörf á sérstakri vöktun, ef efni byrjar að sitra úr landfyllingunni og út í sjó mun það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir hafnarbakkana og þau mannvirki sem þar eru.

Allir hafnarbakkar eru hannaðir með hækkuðum sjávar í huga.

HER bendir á að umfjöllun um áhrif framkvæmdanna á loftgæði fjallar aðallega um möguleg áhrif á framkvæmdatíma en eins og fram kemur í skýrslunni munu fleiri skip geta lagst að bryggju eftir stækkun og dýpkun.

Í inngangi umhverfismatsskýrslunnar segir:

„Með framkvæmdunum verða aflagðir hafnarbakkar með lengd upp á um 770 m en nýjir bakkar verða í heildina 960 m langir, alls er því verið að auka heildarlengd hafnarbakka um 190 m. Þetta er ekki mikil aukning á hafnarbakkalengd enda eru framkvæmdirnar aðallega til að auðvelda móttöku stærri skipa, einkum nýrra flutningaskipa en einnig til að taka á móti stærri skemmtiferðaskipum og öðrum skipum“

Lengingin á hafnarbökkum jafngildir einu almennilegu flutningaskipi. Aukin afköst felast einkum í betri aðstöðu og meira plássi á hafnarbökkunum, ekki auknum fjölda skipa.

HER telur einnig að í skýrslunni séu áhrif umferðar þungra bifreiða og vinnuvéla á framkvæmdatíma vanmetin. Þó notað sé dýpkunarefni í landfyllingar þarf engu að síður að flytja talsvert magn af efni inn á svæðið landleiðina og leggst sú umferð ofan á það álag sem fyrir er. Meta þarf áhrif á loftgæði við Sæbraut miðað við mestu mögulega efnisflutninga

Faxaflóahafnir eru ekki sammála og telja umfjöllun í umhverfismatsskýrslu fullnægjandi. Ársdagsumferð um Sæbraut þar sem hún fer fram hjá Sundahöfn er um 21.500 ökutæki á dag og ársdagsumferð um Sundagarða er um 6.800 ökutæki á dag, og er sú umferð að stórum hluta þungaflutningar með vörur til og frá Sundahöfn. Umferð vegna landfyllinga dreifist yfir margra ára tímabil og er dropi í hafið af annarri umferð. Að greina loftmengun frá einstaka bílum á götu þar sem 21.500 ökutæki keyra á degi hverjum svarar ekki kostnaði og mun litlu skila.

Þess má geta að Faxaflóahafnir hafa nýverið komið upp loftgæðamæli í Laugarnesi til að mæla mögulega mengun frá hafnarvæðinu, mun sá mælir mæla stöðugt og fylgjast með loftgæðum. Hægt verður að sjá í fyrrnefndum mæli hvort einhver breyting eigi sér stað á meðan framkvæmdum stendur.

Í sviðsmynd 1 sem gerir ráð fyrir óbreyttri starfsemi en stækkun hafnarinnar er gert ráð fyrir hækkun á bilinu 0- 4 dB á sumum íbúðarsvæðum en lækkun á bilinu 0-3 dB á öðrum. Að mati HER eru þetta óverulegar hækkunar/lækkunar og sennilegra að munur á hljóðstigi verði mun meiri með auknum umsvifum.

Umsvifin verða einmitt ekki þeim mun meiri, lenging hafnarbakka samsvarar lengd eins flutningaskips. Einnig, í þessu umhverfismati er ekki verið að meta allsherjar umhverfisáhrif hafnarinnar frá upphafi og um ókomna framtíð, heldur áhrif þeirra breytinga sem fjallað er um, dýpkanir og nýjar landfyllingar. Með nýjum hafnarbökkum færast löndunarsvæði til og verður fjær einhverjum íbúum, en nær öðrum. Færslan er samt það lítil að áhrifin eru mikið til óveruleg, eins og kemur fram í umhverfismatinu og umsögn HER.

Miðað er við mælingar frá 2015 við mat á grunnástandi en æskilegt væri að miða við nýrri gögn þar sem breytingar hafa orðið á undanföllum árum.

Niðurstaða væri engu að síður líklega sú sama þó að notast væri við nýrri hljóðgrunn, hljóðstig myndi lækka á sömu svæðum og hækka á þeim sömu, breytingin væri mögulega minni. Ekki er verið að meta heildar áhrif hljóðstigs frá höfninni heldur breytingarnar sem að nýjar landfyllingar orsaka.

Betur þarf að gera grein fyrir dreifingu hávaða frá hafnarsvæðinu, t.d. með dreifningarkorti sem sýnir jafngildishljóðstig í íbúðarbyggð.

Ekki er verið að meta heildar áhrif hljóðstigs frá höfninni heldur breytingarnar sem að nýjar landfyllingar orsaka.

HER vill einnig benda á að gera þarf betur grein fyrir áhrifum hávaða á framkvæmdatíma, vegna aukinnar umferðar, losunar efnis og vinnu við uppbyggingu og landfyllingu. Í matsskýrslu er gert ráð fyrir óverulegum hávaða við losun og flutning efnis en miðað við reynslu frá öðrum athafnasvæðum telur HER að þessi áhrif séu vanmetin.

Önnur athafnasvæði sem HER hefur reynslu af eru líklega ekki í hjarta stærstu hafnar landsins innan um ótal aðra hávaðavalda. Þetta er síður en svo fyrsta landfyllingarverkefni Faxaflóahafna í Sundahöfn og reynslan hefur sýnt að áhrif á hljóðvist eru mjög tímabundin og hverfandi.

Það er ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum mælingum í tengslum við framkvæmdirnar enda eru þær ósamfelldar og framkvæmdatími ekki verið skilgreindur. Faxaflóahafnir hafa hins vegar mjög nýlega komið upp hljóðmæli í Sundahöfn til að mæla hljóð sem berst frá hafnarsvæðinu, mun sá mælir mæla stöðugt og fylgjast með hljóðvist. Hægt verður að sjá í fyrrnefndum mæli hvort einhver breyting eigi sér stað á meðan framkvæmdum stendur. Einnig eru fyrirhugaðar mælingar á vegum Faxaflóahafna þar sem mæla á hljóð frá hafnarsvæðinu og verður skýrsla gefin út með niðurstöðum þeirra. Tekið verður tillit til þeirra niðurstöðu í áframhaldandi áætlunum framkvæmda í Sundahöfn

HER vill leiðrétta misskilning sem kemur fram í kafla 4.6.5. Dagleg umsvif notenda hafnarinnar, t.d. vinna með krönum, flutningabílum, landanir og gámaflutningar, sé starfsleyfissskyld starfsemi hjá HER. Hins vegar er rekstur verkstæði og geymsla gas og annarra hættulegra efna starfsleyfissskyld hjá HER en sú starfsemi er ekki uppspretta hávaðaónæðis sbr. kvartanir sem hafa borist HER undanfarin ár.

Takk fyrir þessa ábendingu, þetta er hér með leiðrétt.

Í umsögn um tillögu að matsáætlun benti HER á nauðsyn þess að kanna aðra valkosti fyrir staðsetningu hafnarinnar í ljósi fjölgunar íbúa í nágrenni Sundahafnar og staðfests ónæðis frá svæðinu. Þeir valkostir sem lagðir eru fram eru allir metnir ófullnægjandi. HER telur að skoða ætti málið betur, sérstaklega með tilliti til þess að flytja hluta aðstöðunnar til að draga úr álagi. T.d. mætti finna stað fyrir skipalægi fyrir sérstaklega hávær skip og þau sem ekki geta nýtt sér raftengingu

Ekki er gert ráð fyrir öðrum valkostum þar sem hér er einungis verið að framfylgja samþykktu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Að færa stærstu og umfangsmestu höfn landsins eitthvert annað, þó það sé bara að hluta til, er gríðarmikil framkvæmd með tilheyrandi umhverfisáhrifum og risastór pólitísk ákvörðun sem ekki verður tekin í þessu umhverfismati.

Að byggja upp nýja stórskipahöfn frá grunni hefur mun meiri umhverfisáhrif í för með sér en að viðhalda og þróa Sundahöfn áfram eins og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag Reykjavíkurborgar gera ráð fyrir. Höfnin er jafnframt búin að vera til staðar mun lengur en þau hverfi sem HER minnst á í umsögn sinni og er á samþykktu svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulagi Reykjavíkurborgar hugsuð sem helsta innflutnings- og útflutningshöfn Íslands til framtíðar.

Loks vill HER benda á að engin umfjöllun er um frárennsli frá hafnarsvæðinu þ.e. ofanvatn. Því væri æskilegt að ofanvatn færi um settjamir eða olíuskiljur á leið í viðtaka.

Í kafla 3.4 segir: „Fyrirhugað er að nýjir hafnabakkar í framtíðinni verði hannaðir þannig að þeir halli inn til landsins. Regnvatn frá hafnarbökkum mun því ekki renna beint út í sjó heldur í niðurföll og fara í gegnum olíuskiljur áður en það fer út í sjó.“

Leyfissveitingar. Hér er aðeins tekið fram að framkvæmdirnar séu háðar framkvæmdaleyfi í frá Reykjavíkurborg. Einnig þarf að taka fram að starfsleyfi HER sé krafist vegna endurnýtingar úrgangs í landfyllingu

Afar ólíklegt er að Faxaflóahafnir sækji um starfsleyfi fyrir hverja einustu landfyllingu og fari með þær jafnframt í annað umhverfismatsferli. Frekar munu Faxaflóahafnir kaupa efni beint frá efnissölum með tilheyrandi auknum þungaflutningum í gegnum höfuðborgarsvæðið og umhverfisáhrifum, það sparar Faxaflóahöfnum bæði tíma og fjármuni en í staðinn fær náttúran reikninginn.

Faxaflóahafnir ítreka að sérvalið efni úr húsgrunnum er ekki úrgangur heldur einungis tilfærsla á efni og góð nýting á hráefni og náttúruauðlindum sem lágmarkar umhverfisáhrif. Ekki er verið að framleiða neitt og því enginn úrgangur sem að myndast, jarðvegurinn og grjótið er eins allan tímann og er einfaldlega bara fært til.

Efst á blaðsíðu 21 er vísað til kafla 3.2.2.1 varðandi áætlaða áfangaskiptingu landfyllinga. Hér er væntanlega um ranga tilvísun að ræða þar sem fjallað er um landfyllingamar í kafla 3.2.1

Efst á bls. 21 er vísað í kafla 3.3.1.2, hið rétta er að þarna á að vísa í kafla 3.3.1.3.

Ath: Framkvæmdir munu hafa lítil sem engin áhrif á íbúa Reykjavíkur, dýpkun og gerð landfyllinga eru ekki mjög háværar framkvæmdir. Þær athugasemdir sem Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist vegna hljóðvistar hafa nær allar snúið að umsvifum notenda hafnarinnar, þ.e. skipafélögunum og starfsemi þeirra, einkum þegar gámar eru færðir til. Að minnka umsvif til þess að stytta framkvæmdatíma þjónar því litlum tilgangi.

Faxaflóahafnir taka undir þetta. Hlutverk Faxaflóahafna, sem opinber aðili, er eingöngu að útvega og reka innviði hafnarinnar. Þeir innviðir eru eins allan sólarhringinn og breytast ekkert milli daga. Dagleg umsvif, t.d. vinna með krönum, flutningabílum, landanir og gámaflutningar, er öll á vegum notenda hafnarinnar. Þær framkvæmdir sem hér eru til umfjöllunar fela ekki í sér nein dagleg umsvif á hafnarbakkanum, gámaflutninga eða þess háttar starfsemi sem myndar hávaða.

Faxaflóahafnir hafa vissu ábyrgðarhlutverki að gegna sem umsjónaraðili hafnarinnar, en geta ekki tekið upp á sitt einsdæmi ákvarðanir sem verulega takmarka möguleika notenda þessara innviða. Faxaflóahafnir þurfa að sjá til þess að Sundahöfn, sem helsta inn- og útflutningshöfn landsins, uppfylli allar kröfur nútímaflutninga og að hingað sé hagkvæmt að sigla með vörur.

| ATHUGASEMD | SVAR FAXAFLÓAHAFNA |
|--|---|
| <p>Hins vegar getur Náttúrufræðistofnun ekki tekið undir endanlega niðurstöðu matsins um að áhrif á fuglalíf og botndýralíf verði metin óverulega neikvæð. Er það einkum vegna þess að stofnunin telur að safna hefði átt frekari gögnum um bæði fuglalíf og botndýralíf á sjálfu áhrifsvæði framkvæmdarinnar en mest er stuðst við gögn frá aðliggjandi svæðum og þau gögn sem eru innan áhrifsvæðisins eru töluvert komin til ára sinna eins og botndýrarannsóknin frá 2002.</p> | <p>Þessu er framkvæmdaraðili ekki sammála. Nýjustu fuglarannsóknirnar eru frá 2020 og 2015-16. Báðar þessar rannsóknir eru að hluta eða öllu leyti á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Auk þess er vetrarfuglatalning framkvæmd á hverju einasta ári og nær hún yfir alla strandlengju framkvæmdasvæðisins.</p> <p>Nýjasta botndýralífsrannsóknin er frá 2015. Um 81% af dýpkunarsvæðinu hefur þegar verið raskað með stöðugum dýpkunum síðustu áratugi svo nýjar rannsóknir á dýpkunarsvæðinu voru ekki taldar skila neinum markverðum upplýsingum.</p> |
| <p>Þótt áætlaðar stakar framkvæmdir við Sundahöfn og í Viðeyjarsundi hafi ef til vill ekki einar og sér mikil eða langvarandi neikvæð áhrif á lífríki svæðisins þá verður að skoða áhrif ólíkra framkvæmda á svæðið í heild. Löngu tímabært er að leggja heildstætt mat á þetta og fylgjast með hvernig áframhaldandi breytingar og notkun svæðisins hefur áhrif á lífríki þess frekar en að einblína alltaf á eina framkvæmd í einu.</p> | <p>Framkvæmdir Faxaflóahafna verða í gangi af og til næstu 20 árin og ómögulegt er að segja hvaða aðrar stærri framkvæmdir verða í gangi á sama tíma. Í þessu umhverfismati eru teknar saman allar fyrirhugaðar framkvæmdir í Sundahöfn næstu áratugina eins og svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og aðalskipulag Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir. Framkvæmdir munu dreifast yfir langan tíma og vera áfangaskiptar en það er engu að síður fjallað um þær allar í þessu umhverfismati í stað þess að fjalla um hverja landfyllingu fyrir sig. Auk þess er umfjöllun um samlegðaráhrif með landfyllingum Reykjavíkurborgar í Elliðavogi og Geldinganesi.</p> <p>Fari svo að yfirvöld fari fram á vöktun á öllu svæðinu í heild sinni, þá eru Faxaflóahafnir tilbúnar að taka þátt í vöktun í samræmi við hlutfallsleg áhrif framkvæmda sinna með öðrum framkvæmdaraðilum við Kollafjörð (t.d. Reykjavíkurborg, Veitur, Vegagerðin, Björgun og Sorpa).</p> |
| <p>Náttúrufræðistofnun benti á í umsögn sinni um matsáætlun að afmörkun áhrifsvæðis væri full þröng og þyrfti að ná yfir allt Viðeyjarsund sem og ósa Elliðaárvogs. Í umhverfismatskýrslunni kemur fram að áfram sé miðað við 50 metra út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði en við mat á sumum áhrifaþáttum eins og sjónræn áhrifum, gruggi og hávaða séu metin áhrif út fyrir áhrifsvæðið. Náttúrufræðistofnun telur að þar sem mikið var stuðst við gögn utan áhrifsvæðis t.d. um fuglalíf, botndýralíf o.fl. hafi ekki verið nein ástæða til að víkka ekki út formlegt áhrifsvæði,</p> | <p>Beint áhrifsvæði var metið 50 m út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði, en á þessu svæði eru bein áhrif á landið/náttúruna. Utan þessa svæðis voru áhrifin skilgreind sem óbein en áhrif engu að síður og var þar fjallað um mun stærra svæði, t.d. Viðey, Akureyri, Elliðavog, Grafarvog og íbúabyggð í aðliggjandi hverfum.</p> |
| <p>Ekki hefur verið kannað að fullu hvar fuglar halda sig mest við fæðuöflun í Viðeyjarsundi.</p> <p>Ekki hefur verið kannað að fullu hversu mikið æðarfuglar nýti dýpkunarsvæðið til fæðuöflunar en í umhverfismatskýrslunni er það talið ólíklegt að svæðið sé mikilvægt fyrir þá.</p> | <p>Framkvæmdasvæðið er mjög einsleitt og hefur 81% af botni þess þegar verið raskað með stöðugum dýpkunum síðustu áratugi. Þær tegundir sem helst sjást eru máfar, skarfar og æðarfuglar að vetri, allt tegundir með mikinn hreyfanleika. Engin ein uppspretta fæðu virðist vera á hafnarsvæðinu sem að laðar fugla til sín. Rannsókn á sjónum við Laugarnes yfir vetur og fram á varptíma í júní 2020 sýndi að þessar tegundir eru á mikilli hreyfingu og sveiflast fjöldi þeirra mikið. Þær láta sig svo að mestu hverfa þegar kemur að varptíma.</p> |
| <p>Umfjöllun um samlegðaráhrif á fuglalíf í Elliðavogi og Grafarvogi vegna þeirra fyrirhuguðu framkvæmda sem eru á svæðinu er ekki nægjanlega góð í umhverfismatskýrslunni að mati Náttúrufræðistofnunar. Stiklað er á stóru á áhrifum einstakra framkvæmda en í raun ekki lagt mat á samlegðaráhrifin.</p> | <p>Faxaflóahafnir telja að umfjöllun um samlegðaráhrif með landfyllingum Reykjavíkurborgar við Elliðaárósa hafi verið fullnægjandi og í samræmi við matsáætlun Skipulagsstofnunar.</p> |

Náttúrufræðistofnun telur að það skorti mjög heildstætt mat á sérkennum og stöðu botndýrasamfélaga í innanverðum Kollafirði, möguleikum til endurheimtar eftir að framkvæmdum við t.d. efnistöku eða haugsetningu er lokið, og hver þolmörk eru. Kollafjarðarsvæðið er mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir marga dýrahópa t.d. fugla, seli og fiska sem nýta sér botndýr sem fæðu. Stöðugt rask víða á svæðinu vegna framkvæmda mun óneitanlega hafa afleiðingar fyrir langtímastöðugleika vistkerfisins og þeirra tegunda sem þar finnast. Viðeyjarsund er mjög miðsvæðis á þessu stærra svæði og undir miklu álagi vegna nálægðar við starfsemi hafnarsvæðisins og ýmissa fleiri framkvæmda, og því mikilvægt að vel sé fylgst með ástandi botndýralífs á svæðinu.

Fari svo að yfirvöld fari fram á vöktun á öllu svæðinu í heild sinni, þá eru Faxaflóahafnir tilbúnar að taka þátt í vöktun í samræmi við hlutfallsleg áhrif framkvæmda sinna með öðrum framkvæmdaraðilum við Kollafjörð (t.d. Reykjavíkurborg, Veitur, Vegagerðin, Björgun og Sorpa).

Ekki er þó fjallað um mun milli tegunda t.d. er vitað að sjóbirtingur dvelst meira á svæðinu til langs tíma en farlax

Í rannsókninni 2001-2002 voru 4 sjóbirtingsseiði merkt en einungis eitt gekk alla leið til sjávar út fyrir rannsóknarsvæðið. Það seiði fór austur fyrir Viðey.

Í rannsókninni 2017 voru 20 sjóbirtingsseiði merkt í Elliðaánum. Þessi seiði eyddu minnstum tíma á stöðvum 6, 7, 9 og 10, en það eru þær stöðvar sem eru næst Sundahöfn. Sjóbirtingsseiðin dvöldust áberandi mest á stöðvum 2, 3, 11 og 12. Þessar stöðvar eru alveg við ósa Elliðaár og í mynni Grafarvogs. Dýpkunarframkvæmdir ættu ekki að hafa áhrif á þessi svæði.

Vakta þarf möguleg áhrif gruggmengunar á laxfiska á framkvæmdatímabilinu

Faxaflóahafnir telja ekki þörf á því. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá vinnu við dýpkun árið 2018. Örlítið grugg er í straumstefnu frá prammanum en að öðru leyti er Viðeyjarsund eins og það leggur sig hreint. Áhrifin eru því, líkt og lýst er í umhverfismatskýrslu, óveruleg.



Mynd: Loftmyndir ehf.

Hafrannsóknarstofnun

| ATHUGASEMD | SVAR FAXAFLÓAHAFNA |
|---|---|
| Skoða mætti betur hver áhrif yrðu af því að straumhraði minnki um allt að 50% vegna framkvæmdanna en áhrif á setsöfnun og búsvæði botnsins geti verið talsverð við slíka breytingu. Áhrifin geta verið til dæmis á súrefnisbúskap setsins þegar endurnýjun og blöndun sjávar minnkar. | Straumhraði minnkar áberandi mest innan dýpkunarsvæðis og hefur 81% af því svæði verið nú þegar raskað af fyrri dýpkunum. Búsvæði á því svæði eru því þegar röskuð og hafa rannsóknir sýnt að lífríki svæðisins er fábrotið og einsleitt. Ef það verður setsöfnun þá verður það set tekið í viðhaldsdýpkunum framtíðarinnar, súrefnisbúskapur setsins og búsvæði sem þar er að finna hafa því ekki mikil áhrif á niðurstöðuna. |
| nokkurt ósamræmi er í umhverfismatsskýrslunni um staðsetningu losunarsvæðisins, norðaustan eða norðvestan við Engey. | Höfundur skýrslu afsakar þennan rugling, auðvitað er naman norðvestan eins og segir í upphafi skýrslu og sýnt er á teikningum. Á einhverjum tímamarki fékk höfundur meinloku og virðist það hafa fylgt honum út skýrsluna. |
| Samkvæmt loftmyndum frá map.is sést þó að gruggmyndun getur verið sjáanleg í um 500 m fjarlægð frá dýpkunarskipi þegar það losar efni | Allar myndir á map.is sýna efnistöku með dæluskipi, ekki losun. Á myndunum er verið að dæla upp efni og losa gruggugan sjó í burtu. Mun minna grugg er við losun niður í gegnum kjölinn. Myndirnar í umsögn Hafró eru í samræmi við upplýsingar sem koma fram í kafla 3.2.2.1 í skýrslu. Efnið sem sést á myndunum er finasta efnið nálægt yfirborðinu sem að dreifist mest og þynnist mjög mikið áður en það fellur til botns. |
| Ef losa á efni í sjó er betra að losa það í straumhvörfum og útfalli til þess að lágmarka neikvæð áhrif af völdum sets og gruggs á lífríkið við Engey. | Faxaflóahafnir þakka þessa ábendingu og munu reyna að taka tillit til þess við efnislosun. |
| Mikilvæg er að mælingar verði gerðar á seti og að gengið sé úr skugga um að ekkert mengað set verði losað í sjó eða á staði þar sem það síðar gæti haft áhrif á lífríki. | Faxaflóahafnir hafa átt í mjög góðu samstarfi við Umhverfisstofnun varðandi mengað efni og munu halda því áfram. Mengað efni verður ekki losað/haugsett nema með leyfi stofnunarinnar. |
| Þá mætti skoða samlegðaráhrif ofangreindra dýpkunar- og hafnarframkvæmda, sem og fyrirhugaðra landfyllinga á vegum Reykjavíkurborgar í grennd við Elliðaárósa | Það var gert í kafla 4.5.4.1 í skýrslunni og var niðurstaðan eftirfarandi: <i>„Þó að fyrirhugaðar framkvæmdir Faxaflóahafna hafi lítil áhrif á laxfiska, og mun minni áhrif en landfyllingar Reykjavíkurborgar, þá valda þær auknu álagi á fiskistofna sem þrengt er að úr öllum áttum upp með öllum Elliðaám.“</i> |
| Landfyllingarnar eru í öllum tilfellum framhald á núverandi landfyllingum og þegar horft er á heildarmagn landfyllinga (mynd 2.3 í umhverfismatsskýrslu) er ljóst að mikið hefur verið þrengt að farleiðum þessara fiska. | Það er rétt að ef miðað er við náttúrulega strandlengju þá hefur verið þrengt mikið að farleiðum laxfiska á Viðeyjarsundi. Þær landfyllingar sem hér eru settar fram gera það hins vegar ekki og fylla eingöngu upp í skörð í núverandi landfyllingum. |
| Þessar landfyllingar hafa verið gerðar í áföngum, rétt eins og þær afmörkuðu landfyllingar sem kynntar eru í umhverfismatsskýrslunni. Hver og ein þeirra hefur þrengt það svæði sem göngufiskar hafa og þó áhrif einstakra afmarkaðra landfyllingar geti verið hverfandi eru líkur til að heildaráhrifin geti verið talsverð. | Það er ekki hægt að taka til baka það sem hefur verið gert en það er verið að reyna að læra af þessu og bæta verklagið. Því er í þessu umhverfismati sett fram heildstæð mynd um framtíðaráform Sundahafnar og fjallað um alla fyrirhugaðar dýpkanir og landfyllingar næstu 20 árin. |
| Mikilvægt er einnig að hafa í huga að í umhverfismatsskýrslu er eingöngu fjallað áhrif á lax | Í rannsókninni 2001-2002 voru 4 sjóbirtingsseiði merkt en einungis eitt gekk alla leið til sjávar út fyrir rannsóknarsvæðið. Það seiði fór austur fyrir Viðey. Í rannsókninni 2017 voru 20 sjóbirtingsseiði merkt í Elliðaánum. Þessi seiði eyddu minnstum tíma á stöðvum 6, 7, 9 og 10, en það eru þær stöðvar sem eru næst Sundahöfn. Sjóbirtingsseiðin dvöldust áberandi mest á stöðvum 2, 3, 11 og 12. Þessar stöðvar eru alveg við ósa Elliðaár og í mynni Grafarvogs. Dýpkunarframkvæmdir ættu ekki að hafa áhrif á þessi svæði. |

| | |
|--|--|
| <p>Einnig er rétt að minna á að töluverður hluti framkvæmda sem umhverfismatsskýrslan fjallar um, sérstaklega framkvæmda við dýpkun, er á því svæði sem allir göngufiskar á leið í eða úr Elliðaám fara um, hvort sem þeir ganga austur eða suð-vestur fyrir Viðey</p> | <p>Það er rétt að á svæðinu milli Gufuneshöfða og Vogabakka fara allir fiskar um sem á annað borð eru á leið til eða frá Elliðaánum. Sem mótvægisáðgerð munu Faxaflóahafnir ekki dýpka á því svæði á göngutíma seiða og fullorðinna fiska, þ.e. maí – september.</p> |
| <p>Ekki verður séð að aukið álag á stofna laxfiska vegna landfyllinga Reykjavíkurborgar í Elliðavogi geti verið atriði sem styður mat Faxaflóahana um að áhrif framkvæmdarinnar á laxfiska séu óverulega neikvæð.</p> | <p>Faxaflóahafnir standa við sitt mat að landfyllingar og dýpkanir á þeirra vegum hafi óveruleg áhrif. Til viðbótar við framkvæmdir Faxaflóahafna er fjallað um landfyllingar Reykjavíkurborgar við ósa Elliðaár og er komist að þeirri niðurstöðu þær framkvæmdir hafi í för með sér aukið neikvætt álag á laxfiska í Elliðaánum.</p> |
| <p>Óljóst er hvernig meta eigi áhrif framkvæmdarinnar eftirá.</p> | <p>Framkvæmdir við dýpkanir og landfyllingar munu vera í gangi af og til næstu 20 árin, það gætu liðið einhver ár þar sem engar framkvæmdir eru í gangi aðrar en minniháttar viðhaldsdýpkanir. Framkvæmdatími er því ekki klipptur og skorinn. Áhrif eru því metin jafnóðum á meðan framkvæmdum stendur.</p> |
| <p>Einnig er óljóst hvernig þær vöktunarrannsóknir sem þegar fara fram í Elliðaám geti aðgreint áhrif framkvæmda við landfyllingar og dýpkun frá öðrum þáttum, bæði náttúrulegum og af mannavöldum</p> | <p>Framkvæmdir við dýpkanir og landfyllingar munu vera í gangi af og til næstu 20 árin, það gætu liðið einhver ár þar sem engar framkvæmdir eru í gangi aðrar en minniháttar viðhaldsdýpkanir. Ef laxgengd í Elliðaárnar versnar í þeim árum sem að framkvæmdir eru í gangi þá gæti það verið sterk vísbending.</p> |

Orkustofnun

| ATHUGASEMD | SVÖR FAXAFLÓAHAFNA |
|--|---|
| <p>Stofnunin vekur athygli á því að umrædd náma er norðvestan Engeyjar, ekki norðaustan líkt og tilgreint er á nokkrum stöðum í texta.</p> | <p>Höfundur skýrslu afsakar þennan rugling, auðvitað er náman norðvestan eins og segir í upphafi skýrslu og sýnt er á teikningum. Á einhverjum tímamarki fékk höfundur meinloku og virðist það hafa fylgt honum út skýrsluna.</p> |
| <p>Því er eðli ábyrgrar notkunar lausra jarðlaga á landi sem og af hafsbotni að efni sé nýtt á þann hátt sem það hentar best, og að hágæðaeefni sé ekki notað í framkvæmdir þar sem efniseiginleikar skipta litlu máli, nema að vel athuguðu máli. Samkvæmt umhverfismatsskýrslu er fyrirhugað dýpkunarefni að mestu leyti silt og leir sem er of fínkorna til að það nýtist til annarrar mannvirkjagerðar en landfyllinga. Með skynsamlegri nýtingu slíks efnis til landgerðar dregur úr þörf á að nýta annað efni, sem nýta mætti til annarra framkvæmda</p> | <p>Faxaflóahafnir taka undir þetta, því stendur til að nota sem mest af dýpkunarefninu í landfyllingar.</p> |

Vegagerðin

Faxaflóahafnir telja ekki þörf á neinum svörum við umsögn Vegagerðarinnar.

Umhverfisstofnun


| ATHUGASEMD | SVÖR FAXAFLÓAHAFNA |
|--|---|
| Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort haga skuli verktíma í samræmi við göngu laxfiska eins og ráðgert er við landfyllingu í Elliðaárvogi | Ef það þarf að sprengja klöpp á hafsbotninum verður ekki sprengt á göngutíma laxfiska. Ekki verður dýpkað á göngutíma laxfiska á sundinu milli Gufuneshöfða og Vogabakka, en þar er farleið fiskanna hvað þrengst. |
| Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort einhverjir möguleikar séu á því að nýta einhvern hluta þess efnis sem dælt verður upp í stað þess að varpa þeim í hafið á efnistökusvæði við Engey. | Líkt og fjallað er um í kafla 3.2.2 og víðar í skýrslunni, þá verður reynt að koma eins miklu dýpkunarefni og mögulegt er í landfyllingar, reyna á að losa eins lítið efni og mögulegt er við Engey. |

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar


| ATHUGASEMD | SVÖR FAXAFLÓAHAFNA |
|--|---|
| Tekið undir ýmsar athugasemdir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. | Sjá svör við umsögn HER. |
| Þó uppbygging á fyllingunum [við Klettagarða] sé ekki hér til umfjöllunar verða þær þó vettvangur fyrir einhverjar byggingar og þá er hætta á að þessari sjónlínu verði enn frekar raskað og enn meira gengið á rými og útsýni frá Laugarnesi. USK telur vert að minna á þetta til brýningar um að vanda uppbyggingu á þessum fyllingum. | Veitur hafa ákveðinn forgang að þessari landfyllingu fyrir frekari skólphreinsun í framtíðinni. Líkur eru að þau mannvirki taki mestallt plássíð á landfyllingunni en þau verða líklega lágreist og því ekki áberandi. Annars hefur Reykjavíkurborg skipulagsvald yfir svæðinu og hefur mikið um það að segja undir hvað landfyllingin verður notuð, það er ekki eitthvað sem að Faxaflóahafnir geta ákveðið upp á sitt einsdæmi. |

Eimskip

| ATHUGASEMD | SVÖR FAXAFLÓAHAFNA |
|--|--|
| Ekki liggur fyrir hljóðkort sem sýnir grunnástand m.v. hljóðstigmælingar frá 2015 | Sjá kort hér að neðan. Kortin voru viljandi ekki birt til að rugla ekki lesandann, þar sem ekki er verið að meta heildarumhverfisáhrif Sundahafnar heldur eingöngu breytinguna sem hlýst af fyrirhuguðum framkvæmdum. |
| Eimskip telur að breyta þurfi niðurstöðu umhverfismats varðandi áhrif á hljóðvist og hún verði óveruleg í stað talsvert neikvæð. | Það er rétt að það má vel færa rök fyrir því að áhrifin séu óverulega neikvæð líkt og Eimskip gerir. Vegna umsagna HER og íbúasamtaka við matsáætlun var þessi umhverfisþáttur tekinn mjög alvarlega og vildu Faxaflóahafnir ekki vera sakaðar um að gera of lítið út hávaða frá höfninni. Einnig eru áhrifin varanleg, þ.e. þó að þau séu óveruleg á hverjum tímapunkti, þá eru þau til staðar stærstan hluta sólarhringsins flesta daga ársins og um ókomna tíð. Þegar horft er til þessa langvinnu áhrifa þá er það metið sem slíkt að áhrifin séu talsverð. |



Jafngildishljóðstig í 2m hæð að degi til.



Jafngildishljóðstig í 2m hæð að nóttu til.